

**Sveitarfélagið Árborg**  
b.t. Gísla Halldórs Halldórssonar  
Austurvegi 2  
800 Selfoss

Selfossi, 5. nóvember 2020

### Varðar: Framlengingu á samstarfssamningi við Markaðsstofu Suðurlands

Markaðsstofa Suðurlands færir bæjarstjórn Árborgar þakkir fyrir þann mikilvæga stuðning sem falinn er í samstarfssamningi við sveitarfélagið undanfarin ár, en hann hefur gert okkur kleift að efla enn frekar það góða samstarf sem tekist hefur á Suðurlandi um markaðssetningu og kynningu á landshlutanum.

**Þar sem núverandi samningur milli Sveitarfélagsins Árborgar og Markaðsstofu Suðurlands rennur út um næstu áramót er þess hér með farið á leit að samningurinn verði endurnýjaður óbreyttur, sem svarar 430 krónum á hvern íbúa til næstu 3ja ára.**

Markaðsstofan hefur nú verið starfrækt í um 11 ár og er samstarfsverkefni sveitarfélaga og atvinnulífsins á svæðinu. Markaðsstofan hefur átt í góðu samstarfi við ferðaþjónustuaðila á Suðurlandi og hefur fjölgun orðið á samstarfsfyrirtækjum okkar ár frá ári.

Auk sveitarfélaganna kemur ríkið að rekstri Markaðsstofunnar með fjárframlagi í gegnum samninga við Ferðamálastofu, sem er einnig einn helsti samstarfsaðili markaðsstofa landshlutanna. Síðustu misseri hefur verið í gangi undirbúningsvinna að því að breyta Markaðsstofum landshlutanna í svokallaðar Áfangastaðastofur. Örlítill munur er á fyrirkomulagi milli landshluta, en Markaðsstofan hefur sett upp drög með hugmyndum að fyrirkomulagi Áfangastaðastofu hér á Suðurlandi – sjá nánar í minnisblaði í viðhengi.

Eftirfarandi yfirlit nær yfir helsta beina ávinning sveitarfélaga af samstarfinu:

- Markaðsstofan vinnur að **markaðssetningu Suðurlands sem áfangastaðar og einstakra svæða innan þess**, byggt á þrískiptingu svæðisins og þar með sveitarfélaganna. Þá er það hlutverk Markaðsstofunnar að samræma ímynd og ásýnd áfangastaðarins og koma henni á framfæri s.s. á vef, samfélagsmiðlum, á ferðasýningum, FAM ferðum og við blaðamenn/áhrifavalda. Slík samhæfing gerir markaðssókn fyrir svæðið markvissari og stuðlar að betri nýtingu fjármuna allra þessara aðila.
- Á **stóru sýningunum hérlandis, MidAtlantic og VestNorden** tryggir Markaðsstofan sýnileika landshlutans í heild og kynnr á fundum með erlendum ferðasölum. Þá hefur Markaðsstofan sótt og kynnt landshlutann á 1-2 sýningum og/eða vinnustofum erlendis á hverju ári, eftir mörkuðum og áherslum hverju sinni.

- Sveitarfélaginu sem og ferðaþjónustutengdri starfsemi þess fær góða birtingu á **Íslenskri og enskri vefsíðu** Markaðsstofunnar [www.sudurland.is](http://www.sudurland.is) / [www.south.is](http://www.south.is). Þá hafa Markaðsstofur landshlutanna, með fulltingi sveitarfélaga og landshlutasamtaka, ráðist í metnaðarfullt verkefni, **Upplifðu** ([www.upplifdu.is](http://www.upplifdu.is)), sem er sannkölluð stafræn bylting þegar kemur að skipulagningu ferðalaga um Ísland. Þar gefst notendum kostur á að sníða ferðalagið nákvæmlega eftir sínu höfði og fá aðstoð við að sjá hvað er í boði á hverjum stað, fá tímaáætlun milli áfangastaða og síðast en ekki síst, uppgötva nýja möguleika, sem með einum smelli eru framsettir á myndrænan hátt.
- Markaðsstofan vinnur og hefur frumkvæði að, fyrir hönd sveitarfélagana og í samvinnu við fulltrúa þeirra, **móttöku blaðamanna sem og innlendra og erlendra ferðasala** sem fjalla um og/eða heimsækja Suðurlandið.
- Markaðsstofan stendur ásamt markaðsstofum landshlutanna að **Mannamóti**, árlegri ferðasýningu sem markaðsstofurnar halda í Reykjavík í lok janúar ár hvert. Markmiðið er að kynna ferðaþjónustu landshlutanna fyrir fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu.
- Samstarfssveitarfélög Markaðsstofunnar geta leitað eftir ýmsum **upplýsingum og fengið leiðbeiningar** hjá starfsmönnum markaðsstofunnar um greinina, markaðssetningar- og kynningarmál.
- Markaðsstofa Suðurlands starfar náið með **öðrum aðilum í stoðþjónustu ferðaþjónustunnar** s.s. Íslandsstofu, Ferðamálastofu, Stjórnstöð ferðamála og Rannsóknarmiðstöð Ferðamála, SASS og öðrum þeim aðilum sem vinna að eflingu ferðaþjónustu, atvinnuuppbyggingar og jákvæðrar ímyndar Suðurlands. Gegnir Markaðsstofan þar lykilhlutverki í samtali og samvinnu við þessa aðila fyrir hönd sveitarfélaganna.
- Markaðsstofan leiðir samstarf og samtal við **faghóp sveitarfélaganna um ferðamál á Suðurlandi**, en hópinn skipa ferðamála-, markaðs- og kynningamála og atvinnumálafulltrúar sveitarfélagana ásamt fulltrúum klasa.
- Markaðsstofan hvetur til og leitast við að styðja nýsköpun í ferðaþjónustu á starfssvæði sínu í samstarfi við ferðaþjónustufyrirtækin, ferðamálafulltrúa svæðanna, landshlutasamtökin, sveitarfélögin og ýmsar stofnanir.

Nánari upplýsingar um starfsemina er að finna á vefnum okkar <https://www.south.is/is/markadsstofa-sudurlands/frettir-af-innra-starfi>.

Markmið Markaðsstofunnar er að auka veg ferðaþjónustunnar á Suðurlandi með því að laða gesti til landshlutans og fá þá til að dvelja á Suðurlandi sem og að ferðast vítt og breytt um svæðið. Með því að vinna að sameiginlegum að hagsmunum ferðaþjónustunnar á Suðurlandi verður stefnumörkunin skýrari og slagkrafturinn meiri.

Ferðaþjónustan hefur verið ein helsta grunnstoð í atvinnulífinu á Suðurlandi og því er mikilvægt að hlúa að og stuðla þar með að frekari framþróun og sjálfbærni hennar á svæðinu, með gæði og fagmennsku að leiðarljósi. Það er því von okkar að bæjarstjórn Árborgar fallist á tillögu okkar um að styðja við frekari þróun á þessu sviði með því að framlengja núverandi samstarfssamning til ársloka 2023.

Þá óskar Markaðsstofan eftir því að fá að gera frekari grein fyrir starfseminni í formi kynningar fyrir fulltrúum sveitarfélagsins, ásamt því að ræða og fá fram sjónarmið sveitarfélagsins varðandi fyrirhugaða breytingu Markaðsstofunnar í Áfangastaðastofu.

Meðfylgjandi er:

- Afrit af ársuppgjöri ársins 2019
- Drög að fyrirkomulagi Áfangastaðastofu á Suðurlandi

F.h. Markaðsstofu Suðurlands

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri

